




Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 29. október 2019  
VEL201910008  
2.6.0

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík



### ***Tillaga að breytingu á reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks***

Á fundi velferðarráðs 23. október sl. var lögð fram tillaga um breytingu á reglum um styrki vegna náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Tillagan var samþykkt með þeim breytingum að auglýsa skuli eftir umsóknum fyrir 1. desember 2019 og að umsóknarfrestur skuli vera til 31. desember 2019.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér eru samþykktar uppfærðar reglur vegna náms-, verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk í kjölfar nýrra laga. Fulltrúarnir þakka aðgengis- og samráðsnefnd fyrir sína umsögn. Í reglunum er tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í umsögninni um að fatlað fólk hætti ekki að vera fatlað við 67 ára aldur. Varðandi þær ábendingar sem snúa að börnum er rétt að benda á að heildstæð endurskoðun er í gangi á nýjum reglum um stuðning við börn og barnafjölskyldur og mun aðgengis- og samráðsnefnd fá þær reglur til umsagnar.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst að hámark styrks hefði mátt vera hærra en 60 þúsund krónur. Hækkunin nemur 10.000-. Hér hefði mátt gera betur? Það sem snýr að 10 gr. finnst fulltrúa Flokks fólksins mikilvægt að fram komi hámark þess tíma sem áfrýjunarnefndin hefur til að taka ákvörðun og standi þar „Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er en eigi síðar en 4 vikum eftir að umsókn berst.“ Að segja aðeins „svo fljótt sem unnt er“ finnst fulltrúa Flokks fólksins aðeins of opið.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Umræddar reglur veita styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirframgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni eða styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Fjárhæðin sem er til ráðstöfunar byggist á fjármagni sem borgarráð ákveður hverju sinni og taka úthlutanir mið af þeirri fjárhæð. Í reglum stendur að ef komi til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna er heimilt að forgangsraða umsóknum. Fulltrúi Sósíalístaflokksins vill benda á mikilvægi þess að styrkir til umsækjenda skerðist ekki ef fjöldi umsókna er meiri en upphæð styrkjapotts gerir ráð fyrir. Það er mikilvægt að upphæðin hækki í stað þess að færri fái styrkjaúthlutun eða þá mögulega lægri styrk. Fulltrúi sósíalista telur mikilvægt að það sé skýrt tekið fram í reglum að það hægt sé að sækja um styrk án þess að áhersla sé á að það þurfi að nýtast í að koma viðkomandi út á vinnumarkað en styrkir eru einmitt veittir til þess að viðkomandi geti a) sótt sér menntun, b) viðhaldið og aukið við þekkingu og færni og c) nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu. Fulltrúinn tekur einnig undir ábendingu frá aðgengis- og samráðsnefnd um að heimila styrki til fatlaðra barna.

Tillaga er hér með send borgarráði til afgreiðslu. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst

  
Regína Ásvaldsdóttir

**Velferðarráðsfundur 23. október 2019 - Tillaga um breytingu á reglum um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaup**

4. Lögð fram tillaga um breytingu á reglum um námsgögn og tækjakaup fyrir fatlað fólk. Greinargerð fylgir tillögu. Samþykkt með þeim breytingum að auglýsa skuli eftir umsóknum fyrir 1. desember 2019 og að umsóknarfrestur skuli vera til 31. desember 2019.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér eru samþykktar uppfærðar reglur vegna náms-, verkfæra- og tækjakaupa fyrir fatlað fólk í kjölfar nýrra laga. Fulltrúarnir þakka aðgengis- og samráðsnefnd fyrir sína umsögn. Í reglunum er tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í umsögninni um að fatlað fólk hætti ekki að vera fatlað við 67 ára aldur. Varðandi þær ábendingar sem snúa að börnum er rétt að benda á að heildstæð endurskoðun er í gangi á nýjum reglum um stuðning við börn og barnafjölskyldur og mun aðgengis- og samráðsnefnd fá þær reglur til umsagnar.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst að hámark styrks hefði mátt vera hærra en 60 þúsund krónur. Hækkunin nemur 10.000-. Hér hefði mátt gera betur? Það sem snýr að 10 gr. finnst fulltrúa Flokks fólksins mikilvægt að fram komi hámark þess tíma sem áfrýjunarnefndin hefur til að taka ákvörðun og standi þar „Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er en eigi síðar en 4 vikum eftir að umsókn berst.“ Að segja aðeins „svo fljótt sem unnt er“ finnst fulltrúa Flokks fólksins aðeins of opið.

Fulltrúi Sósíalístafllokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Umræddar reglur veita styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirframgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni eða styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Fjárhæðin sem er til ráðstöfunar byggist á fjármagni sem borgarráð ákveður hverju sinni og taka úthlutanir mið af þeirri fjárhæð. Í reglum stendur að ef komi til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna er heimilt að forgangsraða umsóknum. Fulltrúi Sósíalístafllokksins vill benda á mikilvægi þess að styrkir til umsækjenda skerðist ekki ef fjöldi umsókna er meiri en upphæð styrkjaþotts gerir ráð fyrir. Það er mikilvægt að upphæðin hækki í stað þess að færri fái styrkjaúthlutun eða þá mögulega lægri styrk. Fulltrúi sósíalísta telur mikilvægt að það sé skýrt tekið fram í reglum að það hægt sé að sækja um styrk án þess að áhersla sé á að það þurfi að nýtast í að koma viðkomandi út á vinnumarkað en styrkir eru einmitt veittir til þess

að viðkomandi geti a) sótt sér menntun, b) viðhaldið og aukið við þekkingu og færni og c) nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu. Fulltrúinn tekur einnig undir ábendingu frá aðgengis- og samráðsnefnd um að heimila styrki til fatlaðra barna.

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Tillaga:** Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að breytingu á reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

**Greinargerð:**

Núgildandi reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks tóku gildi þann 1. ágúst 2015 og voru settar í kjölfar yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga sem fram fór í upphafi ársins 2011. Þann 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem leystu af hólmi lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að gera breytingar á núgildandi reglum með hliðsjón af ákvæðum nýrra laga.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Kostnaðarmat fylgir tillögunni.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 21. október 2019.
2. Reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með þeim breytingum sem lagðar eru til.



## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir

---

**Efni:** *Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.*

### Forsaga:

Núgildandi reglur um um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks tóku gildi þann 1. ágúst 2015. Reglurnar voru settar í kjölfar yfirfærslu á málaflokki fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga sem fram fór árið 2011.

Þann 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem leystu af hólmi lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að gera breytingar á núgildandi reglum með hliðsjón af ákvæðum nýrra laga.

### Greinargerð:

Í 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir kemur eftirfarandi fram:

25. gr.

Styrkir.

*Sveitarfélögum er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:*

1. *Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.*
2. *Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.*

*Ráðherra skal gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um framkvæmd styrkveitinganna á grundvelli ákvæðis þessa, svo sem skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja. Sveitarstjórnnum er jafnframt heimilt að setja sér nánari reglur um styrkina á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Kostnaður vegna styrkja skv. 1. mgr. greiðist af sveitarfélögum.*

Settar hafa verið leiðbeinandi reglur á grundvelli ákvæðisins og horft hefur verið til ákvæða þeirra við gerð reglna Reykjavíkurborgar.

---

Markmið reglna Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér úti um þekkingu og reynslu og að auka möguleika þess til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- a) sótt sér menntun,
- b) viðhaldið og aukið við þekkingu og færni og
- c) nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

Úthlutun styrkja fer fram einu sinni á ári. Auglýst er eftir umsóknum á vef borgarinnar og þar koma fram allar upplýsingar um ferli umsóknar og aðferð við úthlutun. Einnig er auglýsingin send til hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og á þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs til að tryggja að allir sem kunna að hafa hagsmuna að gæta hafi upplýsingar um styrkina og fái viðeigandi stuðning við umsóknarferlið óháð fötlun.

#### **Tillögur að breytingum á reglunum koma fram í fylgiskjali með minnisblaði :**

Lagt er til að:

- Felld verði út efra viðmið vegna aldurs í 2. tl. 1. mgr. 3. gr. nógildandi reglna. Aldur Íslendinga fer hækkandi og almenn virkni er mikilvægur þáttur í því að viðhalda getu og færni. Því er mikilvægt að styðja og styrkja fatlað fólk í því að sækja sér menntun, þekkingu og færni óháð aldri.
- Auglýst verði eftir umsóknum fyrir 1. október ár hvert. Vegna ársins 2019 verði þó auglýst fyrir 1. nóvember 2019 og umsóknarfrestur verður til 1. desember 2019.
- Fjárhæð sem nú er tilgreind í 2. mgr. 2. gr. nógildandi reglna, þ.e. 50.000 kr., verði hækkuð í 60.000 kr.
- Felld verði út þau ákvæði er varða Seltjarnarnes þar sem samkomulag Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness um sameiginlegt þjónustusvæði hefur runnið sitt skeið á enda.
- Ákveðnar breytingar verði gerðar er varða áfrýjunarnefnd velferðarráðs en reglur um áfrýjunarnefnd velferðarráðs voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 18. janúar 2018 og á fundi borgarráðs þann 25. janúar 2018.

- Ákvæði 12. gr. reglnanna verði felld út þar sem ekki er að finna sambærilegt ákvæði í nýjum lögum og áður var að finna í 2. mgr. 3. gr. eldri laga, þar sem fram kom að endurskoða eigi reglur sveitarfélagsins eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

#### Kostnaðarmat:

Um er að ræða styrkjapott með tiltekinni fjárheimild að fjárhæð 4.065.058 kr. fyrir árið 2019. Tillagan gerir ráð fyrir að hámarksstyrkur verði hækkaður í 60.000 kr. úr 50.000 kr. Hámarksfjárhæð hefur ekki tekið breytingum síðan reglurnar voru samþykktar 2015. Er miðað við þá hækkun sem fjárhagsaðstoð hefur tekið frá sama tíma.

Úthlutanir styrkja til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks hafa verið eftirfarandi frá árinu 2015:

Ár	fjöldi umsókna*	vegna náms	vegna verkfæra og tækjakaupa	synjanir	hámarksupphæð til úthlutunar
2015	60	38	31	5	50.000 kr
2016	48	33	27	27	50.000 kr
2017	39	22	25	5	50.000 kr
2018	39	22	23	5	50.000 kr

\*Hluti umsækjenda fær styrk bæði vegna náms og verkfæra og tækjakaupa.

Kostnaður velferðarsviðs vegna úthlutaðra styrkja til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks á árunum 2015-2018

	2015	2016	2017	2018	2019 Áætlun
Vegna námsstyrkja	1.357.039	1.148.649	886.531	780.100	2.032.529
Vegna verkfæra og tækjakaupa	1.390.370	1.149.675	1.256.715	530.030	2.032.529
<b>Samtals</b>	<b>2.747.409</b>	<b>2.298.324</b>	<b>2.123.246</b>	<b>1.310.130</b>	<b>4.065.058</b>

Ef miðað er við þann fjölda sem hefur fengið greitt síðustu ár má gera ráð fyrir að hækkun hámarksstyrks nemi um 200 þús.kr. á ári sem er innan þeirra heimilda sem ætlaður er til þessara styrkja. Á árinu 2018 var fjárheimild vegna styrkja vegna námskostnaðar og vegna verkfæra- og tækjakaupa tæplega 4 m.kr. Af fjárheimildinni voru 1,3 m.kr. nýttar.

Á árinu 2019 er fjárheimildin rúmlega 4 m.kr. **Samráð:**

Drög að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks voru lögð fyrir fund aðgengis- og samráðsnefndar Reykjavíkur í málefnum fatlaðs fólks þann 17. október 2019.

Aðgengis- og samráðsnefnd lagði fram svohljóðandi bókun vegna málsins:



*Því er fagnað að hér er viðurkennt að fatlað fólk hættir ekki að vera fatlað fólk þó það verði 67 ára gamalt. Ráðið gerir ekki athugasemdir við breytingarnar sem hér eru lagðar til en veltir því upp hvort rétt væri að setja inn í reglurnar ákvæði um að foreldrar fatlaðra barna geti sótt um í sjóðinn fyrir þeirra hönd.*

Vegna ábendingar frá aðgengis og samráðsnefnd var gert kostnaðarmat á því að heimila styrki til fatlaðra barna. Ef gert er ráð fyrir því að meðalupphæð styrks verði kr. 50.000,- (í dag er meðalupphæð um 43.000 kr.) og 20% þeirra barna sem metin hafa verið í umönnunarmati í 1., 2. eða 3. flokk hjá Tryggingastofnun ríkisins sæki um þá verður upphæðin 8,8 m.kr. Ef miðað er við að 15% þessara barna sæki um þá verði kostnaðurinn 6,6 m.kr. Kostnaður við slíka breytingu rúmast því ekki innan fjárheimilda fyrir 2019.

**Fylgiskjal:**

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með tillögum að breytingum.

**Breytingar á reglum eru færðar inn með rauðu letri.**

**Ákvæði sem munu falla út eru yfirstrikuð.**

## **Reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks**

### **I. kafli**

#### **Almenn atriði**

##### **1. gr.**

##### **Markmið**

Samkvæmt 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirframgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

~~Samkvæmt 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er heimilt að veita fötluðu fólki aðstoð vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:~~

- ~~1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.~~
- ~~2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.~~

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér úti um þekkingu og reynslu og að auka möguleika þess til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- a) sótt sér menntun,
- b) viðhaldið og aukið við þekkingu og færni og
- c) nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

##### **2. gr.**

##### **Styrkir og styrkuppþæðir**

Sú fjárhæð sem er til ráðstöfunar byggist á því fjármagni sem borgarráð ákveður hverju sinni og taka úthlutanir samkvæmt reglum þessum mið af þeirri fjárhæð. Ef kemur til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna er heimilt að forgangsraða umsóknum í samræmi við reglur þessar.

Úthlutun styrkja samkvæmt reglum þessum fer fram einu sinni á ári og taka úthlutanir mið af fjárhagsáætlun og fjölda umsókna hverju sinni. Að jafnaði getur samþykktur styrkur til umsækjanda verið að hámarki 50.000 60.000. kr. í hverri úthlutun.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu styrkja og vekur athygli á rétti fólks til umsókna með því að auglýsa einu sinni á ári á vef Reykjavíkurborgar. ~~og á vef Seltjarnarnesbæjar.~~ Auglýsing skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og um aðferð við úthlutun. Auglýsa skal eigi síðar en 1. október ár hvert. Umsóknarfrestur er tvær vikur og skulu umsóknir afgreiddar innan tveggja vikna að loknum umsóknarfresti.

Um er að ræða eftirtalda styrki:

1. Námsstyrki til greiðslu útlagðs kostnaðar vegna námskeiðs- og skólagjalda og námsgagna, að tölvu undanskilinni. Námsstyrki má veita árlega ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggur staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok.
2. Styrki til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni. Styrkur til verkfæra- eða tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur sama einstaklingi oftár en annað hvert ár.

## II. kafli Umsóknir

### 3. gr.

#### Umsóknarréttur

Rétt til styrks samkvæmt reglum þessum á hver sá einstaklingur sem býr við andlega eða líkamlega fötlun, sbr. 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992<sup>1</sup>, og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar<sup>2</sup>, endurhæfingar<sup>3</sup> eða starfsendurhæfingar<sup>4</sup> auk eftirfarandi skilyrða:

1. Á lögheimili á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar.<sup>5</sup>
2. ~~Er á aldrinum 18 til 67 ára. Er 18 ára eða eldri.~~
3. Hefur varanlega 75% örorku.

<sup>1</sup> 2. gr. [Einstaklingur á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum.]<sup>1)</sup> Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn frömur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

<sup>2</sup> Hæfing hefur það að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðið sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

<sup>3</sup> Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

<sup>4</sup> Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

<sup>5</sup> Samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar, dags. 12. janúar 2011, um sameiginlegt þjónustusvæði í þjónustu við fatlað fólk, er Reykjavíkurborg leiðandi sveitarfélag og fer með framkvæmd samnings, sbr. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

Styrkir eru ekki veittir í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

#### 4. gr.

##### Umsókn og fylgigögn

Sótt er um í gegnum Rafræna Reykjavík á tilteknum eyðublöðum.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með umsókn til þess að unnt sé að afgreiða umsókn vegna náms og verkfæra- og tækjakaupa:

Gögn vegna námskostnaðar:

- a) Ljósrit af örorkuskírteini eða vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun.
- b) Greinargerð þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda til að auka virkni umsækjanda og möguleika til atvinnuþátttöku.
- c) Frumrit af kvittun fyrir námskostnaði og/eða vegna námskeiðs- eða skólagjalda vegna yfirstandandi úthlutunarárs.
- d) Námsvottorð eða staðfesting frá skóla um skráningu í nám eða á námskeið.
- e) Ef óskað er eftir styrk vegna námsgagna þarf að fylgja sundurliðun á kostnaði við þau og staðfesting á nauðsyn þeirra.

Gögn vegna verkfæra- og tækjakaupa:

- a) Ljósrit af örorkuskírteini eða vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun.
- b) Greinargerð þar sem kemur fram mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda til að auka virkni umsækjanda og möguleika til atvinnuþátttöku.
- c) Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum vegna yfirstandandi úthlutunarárs.

Umsækjandi skal leggja fram fyrrgreind gögn sem varða mat á umsókn. Umsækjandi getur þó veitt velferðarsvið Reykjavíkurborgar heimild til þess að afla þeirra gagna sem það hefur aðgang að.

Málgögn sem varða persónulega hagi umsækjanda eru varðveitt með tryggilegum hætti. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti að það stangist ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

#### 5. gr.

##### Mat og afgreiðsla

Þegar umsókn hefur verið móttakin er umsækjanda tilkynnt móttaka innan tveggja vikna frá móttöku með formlegum hætti.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja vikna. Sinni hann ekki þeim tilmælum fellur umsókn úr gildi.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar. Umsækjanda er þá gefinn kostur á að bæta úr umsókn eða leiðréttu þær upplýsingar sem taldar eru rangar eða villandi og honum kynntur andmælaréttur sinn.

Séu skilyrði uppfyllt til þess að taka umsókn til meðferðar fer fram mat á umsókn. Við mat á umsókn um styrk er litið til þess hvort líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku og hvort hæfing sem óskað er eftir stuðningi við geti nýst á vinnumarkaði.

Tilkynna skal umsækjanda um úthlutun styrks með formlegum hætti. Umsækjandi hefur þrjá mánuði til að skila inn kvittunum vegna útborgunar styrks. Að tveimur mánuðum liðnum fær umsækjandi áminningu um að skila inn tilskildum gögnum. Sé því er ekki sinnt innan tveggja vikna fellur styrkveitingin niður nema fullnægjandi ástæður liggi þar að baki. Réttur til greiðslu fellur niður ef fylgigögnum og nauðsynlegum upplýsingum hefur ekki verið skilað fyrir 31. desember það ár sem styrkumsókn hefur verið samþykkt.

Úthlutaður styrkur er lagður inn á persónulegan reikning umsækjanda sem tilgreindur er í umsókn samkvæmt frumriti af greiðslukvittun. Í undantekningartilvikum er heimilt að greiða styrk gegn staðfestingu á námskostnaði eða verkfæra- eða tækjakaupa.

Réttur til úthlutunar fellur niður sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað. Miðað er við dagsetningu frumrits greiðslukvittunar.

#### **6. gr.**

##### **Endurkrafa**

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eru alla jafna endurkræfir. Sama gildir ef þeir eru nýttir í annað en samkvæmt upplýsingum í umsókn. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur endurkrafið viðkomandi um þá fjárhæð sem styrkþegi hefur fengið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

### **III. kafli**

#### **Málsmeðferð**

sbr. ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/199, ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

#### **7. gr.**

##### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

#### **8. gr.**

##### **Leiðbeiningar til umsækjanda**

Starfsmenn skulu veita umsækjanda aðstoð við umsóknir ef þörf er á og jafnframt veita umsækjanda upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir þjónustusvæðið skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

#### **9. gr.**

##### **Heimild til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni og greinargerð frá þjónustumiðstöð liggur fyrir.

#### **10. gr.**

##### **Kynning á ákvörðun**

Kynna skal ákvörðun með tryggilegum hætti eins fljótt og unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna.

Umsækjanda skal jafnramt kynntur sá réttur að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til áfrýjunarnefndar velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

#### **11. gr.**

##### **Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

#### **12. gr.**

##### **Endurskoðun-reglna**

~~Reglur sveitarfélagsins skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.~~

#### **1213. gr.**

##### **Gildistaka**

Reglur þessar eru settar á grundvelli 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 ~~27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1991, með síðari breytingum~~, og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Reglur þessar taka gildi 1. ágúst 2015.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árinu 2019 skal auglýsa eftir umsóknum fyrir 1. nóvember og skal umsóknarfrestur vera til 1. desember 2019.

# AUGLÝSING

## um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar nr. 1260/2010 um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

### 1. gr.

1. mgr. 1. gr. breytist og orðast svo:

Samkvæmt 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirframgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

### 2. gr.

2. mgr. og 3. mgr. 2. gr. breytast og orðast svo:

Úthlutun styrkja samkvæmt reglum þessum fer fram einu sinni á ári og taka úthlutanir mið af fjárhagsáætlun og fjölda umsókna hverju sinni. Að jafnaði getur samþykktur styrkur til umsækjanda verið að hámarki 60.000 kr. í hverri úthlutun.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu styrkja og vekur athygli á rétti fólks til umsókna með því að auglýsa einu sinni á ári á vef Reykjavíkurborgar. Auglýsing skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og um aðferð við úthlutun. Auglýsa skal eigi síðar en 1. október ár hvert. Umsóknarfrestur er tvær vikur og skulu umsóknir afgreiddar innan tveggja vikna að loknum umsóknarfresti.

### 3. gr.

1. mgr. 3. gr. breytist og orðast svo:

Rétt til styrks samkvæmt reglum þessum á hver sá einstaklingur sem býr við andlega eða líkamlega fötlun, sbr. 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar<sup>1</sup>, endurhæfingar<sup>2</sup> eða starfsendurhæfingar<sup>3</sup> auk eftirfarandi skilyrða:

1. Á lögheimili á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar.
2. Er 18 ára eða eldri.
1. Hefur varanlega 75% örorku.

---

<sup>1</sup> Hæfing hefur það að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðið sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

<sup>2</sup> Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

<sup>3</sup> Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.



4. gr.

Texti undir kaflaheiti III. kafla um málsmeðferð breytist og orðast svo:

### **III. kafli**

#### **Málsmeðferð**

sbr. ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993, ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

5. gr.

2. og 3. mgr. 10.gr. breytast og orðast svo:

Umsækjanda skal jafnramt kynntur sá réttur að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til áfrýjunarnefndar velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

6. gr.

11.gr. breytist og orðast svo:

Umsækjandi getur skotið ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

7. gr.

12.gr. fellur brott og 13. gr. í reglum þessum verður að 12. gr.

8.gr.

13. gr. verður að 12. gr. og orðast svo:

Reglur þessar eru settar á grundvelli 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Reglur þessar taka gildi 1. ágúst 2015.

9.gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árinu 2019 skal auglýsa eftir umsóknum fyrir 1. desember og skal umsóknarfrestur vera til 31. desember 2019.

10. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 23. október 2019, og á fundi borgarráðs xx.xx 2019, eru byggðar á 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, eru ívildandi og taka gildi við birtingu

*Borgarstjórinn í Reykjavík, xx.xxxx 2019.*

**Dagur B. Eggertsson**